



## Fundargerð

Staður og tími: Zoom fjárfundur - 2. ágúst 2022 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH).

**Mættir varamenn:**

**Fjarverandi:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmaður.  
Sigurjón Andersen (SA), Sigfús B Sverrisson (SBS) varamenn

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

AS ritaði fundargerð.

### 1. Brautarúttekt Rallycrossbraut BA

Verið er að vinna í gerð rallycross brautar á svæði BA á Glerárdal, en keppni í Íslandsmótinu er á dagskrá þar n.k. laugardag.

Greinareglur í Rallycross vísa í óútgefnar reglur um byggingu og lögun brauta, og ekki er skýrt í reglum sambandsins hvernig haga skuli brauta úttektum. HKS lagði til að valdir aðilar yrðu fengnir til að taka brautina út gagnvart öryggismálum fyrir þessa keppni.

Ákveðið að leita til Ara H Hjaltasonar formanns öryggisráðs og Valdimars J Sveinssonar til að taka út öryggismál í samvinnu við öryggisfulltrúa keppinnar.

### 2. Staðreyndadómarar og menntun þeirra

Dæmi eru um það í keppnum sumarsins að dómarar hafa ekki verið með gildandi reglur á hreinu. HKS velti því upp hvort ástæða væri til að skylda keppnisráðin til að halda námskeið í dómgæslu á hverju ári. Ákveðið að hafa samband við keppnisráðin í þeim greinum sem um ræðir og fara yfir með þeim hvað betur þarf að fara.

### 3. Keppnisráð í torfæru

Aðalbjörg hefur sagt sig úr keppnisráðinu í torfæru. Í stað hennar í ráðið kemur Guðni Jónsson fyrir hönd START.

### 4. Önnur mál

- Nokkur samskipti hafa verið við Skattinn vegna tímabundins innflutnings á keppnistækjum til þátttöku í keppni hérlendis. BÞB hefur gefið umsagnir sem Eimskip taldi góðar og gildar til að tollafgreiða þá.
- HVH vekur athygli á að Nitro fyrir einstaklinga sé ekki lengur fánlegt í landinu, en margir keppendur nýta slíkt gas á keppnistæki sínu. BÞB falið að kanna hjá innflutningsaðilum hvort ekki sé mögulegt að bjóða þessa vöru áfram.
- AS óskaði eftir að á næsta fundi stjórnar verði upplýst um fjárhagsstöðu sambandsins ásamt skilum á skýrslum frá dómnefndum og öryggisfulltrúum.

Næsti fundur 16. ágúst kl. 18.00 á Zoom.

Fundi slitið kl. 19.32